

- 95 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þorsteins Þorsteinssonar og Ingigerðar Runólfsdóttur á Berustöðum“, útgefin á 7. okt. venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Þorsteins Þorsteinssonar og Ingigerðar Runólfsdóttur á Berustöðum.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag hjónanna sjálfra og boðsgesta við gullbrúðkaup þeirra hinn 8. júlí 1931, og er að upphæð kr. 2625.00 — tvö þúsund sex hundruð tuttugu og fimm krónur —, þar af eru kr. 2500.00 í veðdeildarbréfum, og kr. 125.00 í sparisjóðsbók.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, ásamt öðrum þeim tekjum, sem sjóðnum kunna að hlotnast, þar til árið 1956, sem er 75 ára hjúskaparafmæli hjónanna, og sem næst 100 ára aldursafmæli þeirra. Þá skal verja þrem fimmту hlutum vaxtanna samkv. 3. gr., en tveir fimmту leggjast við höfuðstólinn, þar til ársvextir hafa náð samtals sex hundruð krónum. Úr því má verja fimm sjöttu ársvaxtanna til styrkveitinga, en einn sjötti leggist við höfuðstólinn. Þegar að síðustu sjóðurinn er orðinn eitt hundrað þúsund krónur, má verja öllum vöxtum til styrkveitinga samkvæmt 3. grein.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka pilti í Ásahreppi, er stunda vilja bóklegt og verklegt húnáðarnám. Sömuleiðis að styrkja fátækar stúlkur í sama hreppi, sem stunda vilja bóklegt og verklegt húsmæðranám. Styrkurinn veitist hvort sem námið er stundað innanlands eða erlendis, og má veita hann tvö ár í röð.

4. gr.

Verði hin ákveðna upphæð samkv. 2. gr. ekki greidd úr sjóðnum, vegna þess að enginn sótti samkvæmt fyrirmælum 3. gr., má verja hinni áskildu fjárhæð ársins til styrktar fátækum fjölskyldum innan Ásahrepps, þeim er orðið hafa fyrir tilfinnanlegu heilsutjóni, og þar af leiðandi kostnaði og atvinnumissi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, og eru hreppstjóri og oddviti Ásahrepps sjálfkjörnir í hana. Hinn þriðji skal kosinn á hreppskilafingi, til eins

árs í senn. Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllum tekjum hans, hverju nafni sem nefnast. Henni ber að ávaxta eignir sjóðsins á sem tryggastan hátt, og ber hún ábyrgð á að ekkert af þeim glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót, og leggur þá fram á næsta sýslunefndarfundi Rangárvallasýslu, og hefir sýslunefnd úrskurðarvald um reikninga sjóðsins, á sama hátt sem um hreppsreikninga sýslunnar. 95
7. okt.

6. gr.

Endurskoðendur ber að kjósa á hreppsskilafingi til eins árs í senn. Skulu þeir gæta þess vandlega, að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt og vanda um, ef út af er brugðið.

7. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarnefndarinnar fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Við úthlutun styrksins skal vandlega tekið tillit til ástæðna og hæfileika umsækjanda og gildir í öllu hið sama um karl og konu.

8. gr.

Sannist það, að styrkþegi verji styrknum í verulegum atriðum gagnstætt fyrirmælum skipulagsskrá þessarar, missir sá eða sú rétt til styrksins framvegis.

9. gr.

Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur, er það á valdi stjórnarinnar, hvort hún á næsta ári veitir því meiri styrk eða lætur fjárhæðina leggjast við höfuðstólinn.

10. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starf sitt.

Berustöðum, 20. júní 1932.

Dorsteinn Þorsteinsson.

Ingigerður Runólfsdóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Þorgrímssjóð“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1933. Skipulagsskráin er þannig: 96
7. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þorgrímssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tungumálakennara Þorgrími Guðmundssyni í Reykjavík, og er stofnfé hans 4000 — fjögur þúsund — krónur.